



Aðalfundur 2023

Aðalfundur FÍN verður haldinn samkvæmt venju í mars en það er í samræmi við lög félagsins.

Framboðsfrestur er til 1. febrúar 2023

Þeir félagsmenn sem vilja gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á aðalfundi FÍN í mars næstkomandi skulu till kynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir **1. febrúar nk.** með því að fylla út eftirfarandi.

Framboð skulu send á fin@bhm.is

Athugið!—Ekki er hægt að bjóða sig fram á sjálfum aðalfundinum!

Frestur til að skila inn lagabreytingatillögum

Tillögur félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir **1. febrúar nk.** Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér [lög félagsins](#), [reglur Kjaradeilusjóðs FÍN](#) og [starfsreglur siðanefndar FÍN](#).

Félagsmenn skulu senda inn lagabreytingatillögur á netfangið fin@bhm.is.

Framboð til embætta, trúnaðarstarfa og tillögur um lagabreytingar verða kynntar í aðalfundarboði.

Skrifstofa FÍN er að
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið:

Mánudaga og miðvikudaga

Frá kl. 13:00—14:00

Þriðjudaga og fimmtudaga

Frá kl. 11:00—12:00

Sími: 595-5175

Netfang: fin@bhm.is

Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir
Formaður og framkv.stjóri

Runólfur Vigfússon
Lögfræðingur

Orrí Þrastarson
Verkefnastjóri

Útgefandi: FÍN

Ábyrgðamaður:

Marianna H. Helgadóttir

Upplag:

Netútgáfa

Forsíðumynd:

Hvalfjarðareyri

Mynd tekin af:

Mariönnu H. Helgadóttur

Framboð

Þeir félagsmenn sem ætla að bjóða sig fram til embætta eða trúnaðarstarfa þurfa að **tilkynna um framboðs sitt með formlegum hætti fyrir 1. febrúar nk.** með því að senda póst á fin@bhm.is

Hægt er að bjóða sig fram í eftirtalin embætti/trúnaðarstöður:

Stjórn:

Varaformaður FÍN

Porkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg*

Stjórnarmenn FÍN (8)

Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins*

Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg*

Jón Már Halldórsson, HMS*

Margrét Geirsdóttir, Matís*

Ríkey Kjartansdóttir, Umhverfisstofnun***

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands*

Una Bjarnadóttir, Alvotech*

Fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn

Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg*

Stjórn Kjaradeilusjóðs:

Aðalmenn (2)

Bergljót S. Einarsdóttir*

Friðþjófur Árnason*

Jafnframt sitja í stjórn Kjaradeilusjóðs, eftirtaldir aðalmenn: formaður FÍN og gjaldkeri FÍN og eftirtaldir varamenn: varaformaður FÍN og ritari FÍN.

Siðanefnd:

Aðalmenn (2)

Jón Þór Bergþórsson, Landspítali/Háskóli Íslands***

Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, Landspítali***

Varamaður (1)

Jóna Freysdóttir, Landspítala*

***Bjóða sig fram áfram á komandi aðalfundi**

**** Óvíst hvort hvort viðkomandi bjóði sig fram áfram á komandi aðalfundi**

*****Gefur ekki kost á sér áfram**

Hugleiðingar formanns

Það eru töluvert margar áskoranir í komandi kjarasamningum. Samtök atvinnulífsins (SA) hafa gefið tóninn í launahækkunum á almennum markaði og hafa látið í veðri vaka að þau leiði launahækkunir á öllum vinnumarkaði og aðrir eigi að semja um kaup og kjör samkvæmt þeirra forskrift.

Hverjir hafa gefið SA umboð til þess að ákvarða það svigrúm sem sé til staðar í efnahagslegu tilliti og til skiptanna í kjarasamningum, eða svokallað „merki“? ENGINN hefur gert slíkt samkomulag við SA. Ekkert samkomulag liggur á milli aðila á vinnumarkaði um hvernig launahækkunir eiga að þróast í kjarasamningum á Íslandi. Það kann því ekki góðri lukku að stýra að SA taki sér slíkt vald og telji sig geta gefið ákveðið merki sem svo aðrir sjálfstæðir samningsaðilar eigi að apa eftir umorðalaust!

Samningsumboð um kaup og kjör launþega hvílir hjá viðkomandi stéttarfélagi og samningar SA við ákveðin stéttarfélög eru ekki fordæmisgefandi fyrir aðra samninga. Hvorki aðildarfélög BHM né opinberir vinnuveitendur eru skuldbundnir af samningum SA sem þeir hafa gert á almennum markaði þegar samið er um kaup og kjör á opinberum markaði.

Það er mikilvægt að snúa niður þessari þróun að SA og aðrir viðsemjendur taki höndum saman um hverjar verði launahækkunir á vinnumarkaði. Mikilvægt að finna lausn á því hvernig þetta á að vera til framtíðar á næstu árum. Þar til samkomulag næst milli allra aðila vinnumarkaðarins um vinnubrögð á vinnumarkaði varðandi gerð kjarasamninga og launahækkunir á markaði, þá er því alfarið hafnað að SA hafi gefið tóninn fyrir komandi kjarasamninga á opinberum markaði.

FÍN hefur ákveðið að vinna með öðrum aðildarfélögum BHM og telur að sameinaður slagkraftur félaganna undir merkjum BHM sé ávísun á frekari ávinning og tímasparnað en að hvert félag fari eitt og sér í komandi viðræður.

Þessa dagana er félagið að ganga frá viðræðuáætlunum við opinbera viðsemjendur og mun á næstu dögum kynna kröfugerðir FÍN fyrir okkar viðsemjendum.

„[Jafnréttissamningurinn](#)“ felur í sér sameiginlegar kröfur aðildarfélaganna BHM og ekki er loku fyrir það skotið að fleiri atriði rati á þetta borð. Það sem fellur ekki undir sameiginlegar kröfur allra aðildarfélaganna BHM flokkast sem sérkröfur viðkomandi félags. Að launahækkunum frátöldum þá er jöfnun launa milli markaða eitt af mikilvægustu atriðunum í kröfugerð okkar og að leiðréttingar verði gerðar á launasetningu ákveðinna starfa innan ákveðinna stofnana.

Jafnframt þarf að fara fram umræða um starfsmat sveitarfélaganna þar sem okkar félagsfólk er ekki að raðast innan starfsmats eins og vonast var til. Skiptar skoðanir eru milli aðildarfélaganna hvort það sé hagfelld að vera innan starfsmatskerfisins eða ekki. Hver sem niðurstaðan verður þá þarf að breyta þeirri aðferðarfræði sem er notuð við mat á störfum háskólamenntaðra.

Viðræður eru hafnar við ríkið en fyrstu fundir hafa ekki verið haldnir við Reykjavíkurborg eða Samband íslenskra sveitarfélaga. FÍN mun eiga sér fund með öllum viðsemjendum á opinberum markaði næstu daga og kynna kröfugerðir félagsins gagnvart hverjum og einum viðsemjenda.

Við munum eftir fremsta megni halda félagsfólki upplýstu um hvernig málum framvindur.

Kveðja, Maríanna H. Helgadóttir, formaður

Kjaraviðræður 2023

Stjórn FÍN hefur skipað samninganefndir FÍN fyrir alla viðsemjendur FÍN og eru samninganefndirnar skipaðar með eftirfarandi hætti:

Formaður allra samninganefnda

Marianna H. Helgadóttir, formaður

Samninganefnd við Ríkið (SNR)

Varaformaður: Runólfur Vigfússon

Annar varaformaður: Guðrún Nína Petersen

Aðrir fulltrúar: Benóný Jónsson, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Ríkey Kjartansdóttir, Sigvaldi Thordarson.

Samninganefnd við Reykjavíkurborg (Rborg)

Varaformaður: Þorkell Heiðarsson

Annar varaformaður: Svava S. Steinarsdóttir

Aðrir fulltrúar: Björg Helgadóttir, Bragi Bergsson, Lilja Grétarsdóttir.

Samninganefnd við Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS)

Varaformaður: Orri Þrastarson

Annar varaformaður: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Aðrir fulltrúar: Stefán Már Stefánsson.

Samninganefnd við Samtök atvinnulífsins (SA)

Varaformaður: Runólfur Vigfússon

Annar varaformaður: Torfi Geir Hilmarsson

Aðrir fulltrúar: Anna Berg Samúelsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir

Samninganefndirnar taka afstöðu til þess hvort ganga eigi frá kjarasamningi við viðsemjendur. Stjórn félagsins tekur síðan endanlega ákvörðun hvort kjarasamningar séu undirritaðir. Séu þeir undirritaðir fara þeir í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna sem taka laun samkvæmt þeim samningum. Kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins er þó þar undanskilinn, þar sem eingöngu er um að ræða ívilnandi breytingar á þeim réttindasamningi er hann ekki sendur í atkvæðagreiðslu

Sameiginlegar viðræður aðildarfélaga BHM

FÍN ásamt öðum aðildarfélögum BHM hafa ákveðið að fara saman í viðræður við ofangreinda viðsemjendur og þar hafa verið valin ákveðin málefni sem rædd verða á sameiginlegu borði. Þau atriði sem ekki eru rædd á sameiginlegu borði eru sérmál viðkomandi stéttarfélags.

Viðræðuáætlanir

Þessa dagana er verið að ganga frá viðræðuáætlunum milli FÍN og viðkomandi viðsemjendur vegna komandi kjarsamninga og í kjölfarið hefjast viðræður. Aðildarfélög BHM hafa skipað viðræðunefnd BHM sem sér um viðræður við viðsemjendur en samningsumboðið er hjá félaginu.

Kröfugerðir FÍN

Stjórn FÍN hefur gengið frá kröfugerðum fyrir ríki, Rborg og sveit en vinnur nú að gerð kröfugerðar á almennum markaði. Ábendingar frá félagsmönnum um kröfur í kröfugerð FÍN gagnvart viðsemjendum er hægt að senda á netfangið fin@bhm.is og verða þær lagðar fyrir stjórn félagsins til afgreiðslu.

Vísindasjóður

Almennur umsóknarfrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN er frá **1. desember 2021 til 31. janúar 2022**. Umsóknir sem berast frá og með 15. desember 2022 til 31. janúar 2023 verða greiddir í byrjun febrúar 2023. Allir styrkir verða afgreiddir eigi síðar en 4. febrúar 2023, svo fremi að allar upplýsingar liggi fyrir.

Styrkurinn fyrir árið 2022 verður 160.000 kr. miðað við 100% starfshlutfall á tímabilinu 1. nóvember 2021 til 31. október 2022 og verður styrkurinn lagður inn á reikning umsækjanda. Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu FÍN - Engin gögn þurfa að fylgja umsókn og hægt er að fylgjast með vinnslu umsóknar á mínum síðum. Nánari upplýsingar um Vísindasjóð FÍN eru á vefsvæði [FÍN](#).

Í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og FÍN sem undirritaður var þann 21. desember 2015 var iðgjald í Vísindasjóð FÍN vegna félagsmanna FÍN sem starfa hjá borginni hækkað úr 1,5% í 1,6%. Vísindasjóðsstyrkur til félagsmanna sem starfa hjá Reykjavíkurborg verður því 171.000 kr. fyrir árið 2022, í samræmi við hækkun iðgjalda frá vinnuveitanda.

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem hafa greitt í sjóðinn. Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ríkisstarfsmenn eiga ekki rétt á styrk úr sjóðnum. Á almennum markaði geta launþegar samið um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FÍN.

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna í síma 595-5175 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is.

ATHUGIÐ!

Aðeins er hægt að sækja um styrk úr Vísindasjóði FÍN frá heimasíðu FÍN: <https://old.bhm.is/minar-sidur>

Vinnustaðafundir FÍN

Formaður FÍN og starfsmenn hafa á haustmánuðum hitt félagsmenn FÍN á vinnustöðum.

Hver vinnustaðafundur sérstaklega sniðinn að hverjum vinnustað.

Ef félagsmenn óska eftir vinnustaðafundi er þeim bent á að hafa samband við skrifstofu FÍN með því að senda tölvupóst á fin@bhm.is



Gjafabréf og ferðaávisanir OBHM 2023

Orlofssjóður BHM minnir sjóðsfélaga á úrval niðurgreiddra ferðaávisana og gjafabréfa í flug.

Gjafabréfin er hægt að kaupa frá Icelandair, Niceair og Erni. Þau er hægt að kaupa á [orlofsvef BHM](#), en fyrst þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.

Á hverju almanaksári er hægt að kaupa:

Icelandair:

- 5 stk að verðmæti 30.000 kr, sjóðfélagi greiðir 22.000 kr.
- 4 stk að verðmæti 12.000 kr, sjóðfélagi greiðir 8.800 kr.

Niceair:

- 5 stk að verðmæti 32.000 kr, sjóðfélagi greiðir 22.000 kr.

Ernir:

- 5 stk að verðmæti 20.800 kr, Höfn í Hornafirði, sjóðfélagi greiðir 16.300 kr.
- 5 stk að verðmæti 20.800 kr, Húsavík, sjóðfélagi greiðir 16.300 kr.

Ferðaávisanir veita aðgang að inneignum í gistingu vísvegar um landið og/eða í ferðir hjá ferðafélögum.

Hámarksniðurgreiðsla fyrir sjóðfélaga í ár verður 25.000 kr. Athugið að ferðaávisanir eru rafrænar og renna ekki út. OBHM niðurgreiðir um 35% af valinni upphæð að hámarki 25.000 kr. Fyrst þarf að hringja eða senda tölvupóst á samstarfsaðila og ath hvort það sé laust á þeim dagsetningum sem henta og láta vita að þú viljir bóka með Ferðaávisun á þeim kjörum sem því fylgir. Þegar þú mætir á staðinn nægir að gefa upp kennitölu.

Ef þú rekst einhvern tíma á annað betra tilboð frá sama hóteli eða gistiheimili, geturðu notað ávisunina upp í það tilboð, eða notað hana að hluta til. Þú ert ekki bundinn af því tilboði sem þú valdir þér upphaflega. Þú getur fengið ávisunina endurgreidda hvenær sem er, en þá aðeins þá upphæð sem þú lagðir sjálfur út. Þá punkta sem þú notaðir við kaupin, færðu einnig til baka. Óskað er eftir endurgreiðslu inn á Ferðaávisunarvefnum.

Hér er [listi](#) yfir alla samstarfsaðilana. Listarnir eru einnig inni á [Mínum síðum Orlofssjóðsins](#) og þar er hægt að lesa sér til um skilmála og kaupa ferðaávisanir - athugaðu að þú þarft að skrá þig inn með rafrænum skilríkjum.



Fyrirkvæði fyrning eldra orlofs 2023

Við gerð síðustu kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði var öllu starfsfólki tryggður 30 daga orlofsréttur, óháð aldri viðkomandi eða starfsaldri. Orlofsrétturinn reiknast þó alltaf hlutfallslega út frá starfshlutfalli og starfstíma á síðasta orlofsári, sem er tímabilið frá 1. maí til 30. apríl á hverju ári. Orlofsréttur er tvíþættur réttur, annars vegar réttur til að taka orlof og hins vegar réttur til greiðslu launa í orlofi.

Samkvæmt lögum er óheimilt að flytja orlofdaga á milli ára og þess vegna var samið um í síðustu kjarasamningum að orlofsdagar mættu ekki flytjast á milli orlofsára. Aftur á móti er að finna ákvæði í kjarasamningum á opinberum markaði sem heimilar flutning orlofsdaga til næsta orlofsárs í tveimur tilvikum, annað hvort að skriflegri beiðni yfirmanns um að starfsmaður taki ekki orlof sitt á sumarorlofstíma eða fyrir lok orlofsársins, eða ef starfsmaður gat ekki tekið orlof sitt sökum veikinda eða fæðingar- / foreldraorlofs.

Samhliða þessari breytingu var réttur þeirra sem þá áttu 60 gjaldfallna orlofsdaga, 1. maí 2019, tryggður, þ.e. það orlofs fyrnist ekki fyrr en 30. apríl 2023.

Hver er þá staða starfsmanns sem á inni orlof og ekki tekið það út fyrir 1. maí nk.?

1. Það þarf að skoða hvert tilvik sérstaklega.
2. Stofnun þarf með sannarlegum hætti að hafa gefið starfsmanni tækifæri til að taka orlof svo afskrift orlofsdagana (réttinn til að taka orlof) sé heimil. Hóptölvupóstur er ekki fullnægjandi aðgerð af hendi vinnuveitanda, það þarf að hafa farið fram samtal og það þarf að hafa verið sett niður áætlun um orlofstöku starfsmanns.
3. Hafi starfsmaður, eftir sem áður, ekki náð að taka orlof fyrir 1. maí nk. þarf að skoða sérstaklega hvaða ástæður liggja þar að baki. Var það starfsins vegna sem starfsmaður náði ekki að taka orlof eða út af einhverju öðru?
4. Það er mat félagsins að mögulega hafi vinnuveitandi rétt til þess að fyrna orlofsdaga en ekki réttinn til orlofslauna, út frá nýföllnum dómi um fyrningu orlofs og samkvæmt ákvæðum kjarasamninga, en orlofslaun eru eign starfsmanns og það getur vinnuveitandi ekki tekið af starfsmanni án bóta.

Við hvetjum starfsfólk til að nýta uppsafnað eldra orlof sem áætlað er að fyrnist 1. maí nk. Sjái það ekki fram á að geta tekið orlofsdagana á þessu tímabili er rétt að leita samkomulags við sinn vinnuveitanda um fyrirkomulag orlofstöku um leið og því er viðkomið til að koma í veg fyrir fyrningu þess. Ef slíkt samkomulag næst ekki, og/eða ef þrátt fyrir slíkt samkomulag þá náist ekki að nýta eldri orlofsdaga fyrir fyrningu, þ.e. 1. maí nk., þá bendum við félagsfólki okkar á að gera formlega kröfu á vinnuveitanda um greiðslu á þeim orlofsdögum sem fyrna á þann 1. maí. Félagið er ávallt reiðubúið til aðstoðar ef eftir því er leitað.

Opnunartími skrifstofunnar

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga og miðvikudaga frá 13:00 - 14:00, þriðjudaga og fimmtudaga frá 11:00 - 12:00, lokað er á föstudögum. Við biðjum félagsmenn að hafa samband við okkur símleiðis á þessum tíma.

Geti félagsmenn ekki hringt á þessum tíma þá biðjum við ykkur um að senda okkur tölvupóst á fin@bhm.is og óska eftir því að við höfum samband á öðrum tíma og þá verðum við við þeirri beiðni.